

við frv. til jarðalaga.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar (BrS).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Tilgangur laga þessara er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Í hverju kjördæmi, þar sem bújarðir eru, skal starfa jarðanefnd skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Búnaðarsamband eða búnaðarsambönd viðkomandi kjördæmis tilnefna tvo menn í jarðanefnd, kaupstaðir kjördæmis tilnefna tvo menn, en ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.
Allir jarðnefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði nefndarinnar.
Jarðanefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn.
3. Við 6. gr. 2. og 3. málsg. orðist svo:
Nú telja sveitarstjórn og jarðanefnd, að ráðstöfun fasteignar sé andstæð hagsmunum sveitarfélagsins né samrýmist almannaheill umhverfisins, og er þá rétt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar.
Nú verða sveitarstjórn og jarðanefnd ekki sammála um meðferð máls, og getur þá hvor um sig skotið ágreiningsefninu til ráðherra, sem fellir úrskurð að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins. Eigandi fasteignar getur einnig skotið máli sínu til úrskurðar ráðherra, telji hann sig rangindum beittan í úrskurði sveitarstjórnar og jarðanefndar um ráðstöfun fasteignar sinnar.
4. Á eftir 14. gr. komi ný grein, er verði 15. gr. og orðist svo:
Nú er góð bújörð og vel í sveit sett í sameign og enginn ábúandi á jörðinni né heldur nást kaup á henni vegna tregðu eigenda, og er þá viðkomandi sveitarfélagi skylt að leysa jörðina til sín samkvæmt mati og koma henni í ábúð.
5. Við 20. gr., er nú verður 21. gr. Greinin orðist svo:
Kostnaður við störf jarðanefndar greiðist að hálfu af hlutaðeigandi landshlutasambandi og að hálfu af ríkissjóði.
Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.
6. Við 21. gr., sem nú verður 22. gr. 1. málsg. orðist svo:
Eigi að selja fasteignaréttindi, sem lög þessi taka til, sbr. 3. gr., á sveitarstjórn þess sveitarfélags, þar sem eignin er, forkaupsrétt að þeim.
7. Við 28. gr. Í stað „Ráðherra“ í upphafi greinarinnar komi: Alþingi.
8. Við 29. gr. Töluliður 2 falli burt.
9. 38.—60. gr. falli niður.